

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími), 741. mál

Í a. lið 2. gr. og a. lið 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands er lagt til að gerðar verði þær breytingar á skipunartíma þjóðminjavarðar og forstöðumanns Náttúrminjasafns Íslands að einungis verði heimilt að endurnýja skipun þeirra í embætti einu sinni. Verði frumvarpið að lögum mun skipunartími framangreindra forstöðumanna að hámarki geta orðið 10 ár. Í greinargerð með frumvarpinu segir að að markmið breytinga sé að samræma skipunartíma nefndra forstöðumanna við skipunartíma Listasafns Íslands, þjóðleikhússtjóra og framkvæmdastjóra Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Jafnframt er vísað til samráðs við fagfélög og menningar- og viðskiptaráðherra og vilja þeirra til framangreindra breytinga. Þá segir í fjórða kafla greinargerðarinnar um mat á áhrifum að stytting mögulegs skipunartíma geti stuðlað að hraðari endurnýjun meðal forstöðumanna.

Samkvæmt 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 eru forstöðumenn ríkisstofnana að jafnaði skipaðir til 5 ára í senn. Skipunartíminn framlengist sjálfkrafa um önnur fimm ár hafi viðkomandi ekki verið tilkynnt með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara að til standi að auglýsa embættið laust til umsóknar. Framangreind regla gildir um meginþorra forstöðumanna og heyrir til undantekninga að skipunartími sé takmarkaður við 10 ár líkt og lagt er til með frumvarpi því sem hér er til skoðunar.


Það er mat Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) að rík rök verði að standa til þess að takmarka skipunartíma einstakra forstöðumanna líkt og lagt er upp með í frumvarpinu. Jafnframt er mikilvægt að allar breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisins taki mið af og séu í samræmi við [Stjórnendastefnu ríkisins](#) sem

starfað hefur verið eftir frá árinu 2019. Í henni er meðal annars fjallað um mikilvægi þess að ríkið búi stjórnendum eftirsóknarvert starfsumhverfi og að jöfn tækifæri og virðing skuli ávallt höfð að leiðarljósi í starfsumhverfi ríkisins. Í stefnunni er sérstaklega fjallað um starfslok stjórnenda ríkisins og tiltekið mikilvægi þess að halda í öfluga stjórnendur hjá ríkinu, að þeim sé veitt tækifæri til frekari starfsþróunar á nýjum vettvangi og þeim stjórnendum sem eru að ljúka starfsferli verði veittur stuðningur.

Að endingu vill félagið ítreka mikilvægi heildstæðrar og málefnalegrar umræðu um starfsumhverfi forstöðumanna, þ.m.t. um skipunarkjör þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar FFR



Kristján Sverrisson, formaður

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Allherjar- og menntamálanefnd**
Sendandi: **Menningar- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **11.04.2023**
Málsnúmer: **MVF22100139**
Bréfalykill: **03.02**

Efni: Minnisblað menningar- og viðskiptaráðuneytis vegna umsagna um 741. mál, Safnalög o.fl.

Allsherjar- og menntamálanefnd bárust tvær umsagnir vegna frumvarps til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími), önnur frá Náttúruminjasafni Íslands, hin frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana. Með bréfi dags. 29. mars óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir minnisblaði frá menningar- og viðskiptaráðuneyti vegna umsagnanna.

Frumvarpið hafði áður verið lagt fram til samráðs og umsagna í samráðsgátt stjórnvalda 15. nóvember – 29. nóvember 2022. Þá bárust sex umsagnir og er efni þeirra reifað í greinargerð með frumvarpinu og hvernig ráðuneytið brást við tillögum um breytingar. Jafnframt er gerð ítarleg grein fyrir samráðinu í niðurstöðuskjali sem birt var í samráðsgátt, sbr. mál 220/2022 í samráðsgátt.

Náttúruminjasafn Íslands skrifaði umsögn um frumvarpið bæði í samráðsgátt og fyrir þingnefndinni. Hér verður aðeins brugðist við athugasemd sem varðar niðurfellingu á málslið sem segir að safnstjóri sitji í safnaráði stöðu sinnar vegna enda kom sú athugasemd fyrst fram í seinni umsögninni. Ráðuneytið bendir á að í 3. mgr. 7. gr. safnalaga, nr. 141/2011, sé ákvæði þess efnis að forstöðumenn höfuðsafna sitji stöðu sinnar vegna fundi safnaráðs og því óþarft að samhljóða ákvæði sé einnig í lögum um Náttúruminjasafn Íslands, nr. 35/2007. Það er almennt til lagabóta að samhljóða ákvæði séu ekki á víð og dreif í lögum og þess vegna telur ráðuneytið ekki ástæðu til að taka þessa tillögu Náttúruminjasafnsins til greina.

Í umsögn Náttúruminjasafnsins er einnig vikið að notkun orðanna „forstöðumaður“ og „safnstjóri“ og lagt til að fella síðarnefnda orðið alfarið niður. Á það er ekki hægt að fallast. Það er skýrt tekið fram í skýringu við 5. gr. laga um Náttúruminjasafn Íslands, nr. 35/2007, í greinargerð með frumvarpinu sem varð að þeim lögum, að starfsheiti forstöðumanns sé „safnstjóri“ og lögin bera það einnig skýrt með sér. Það er ennfremur rangt að heitið sé ekki notað í lögum um Listasafn Íslands. Fjallað er nú um Listasafn Íslands í myndlistarlögum, nr. 64/2012, og þar kemur skýrt fram að starfsheiti forstöðumanns sé „safnstjóri“. Það er hins vegar rétt að það starfsheitið „safnstjóri“ er ekki notað um forstöðumann Þjóðminjasafnsins enda er tekið fram í lögum um Þjóðminjasafnið, nr. 140/2011, að starfheitið þar sé „þjóðminjavörður“. Þessi athugasemd Náttúruminjasafnsins varð hins vegar til þess að þetta atriði var skoðað nánar sem leiddi til þess að ráðuneytið gerir nú tillögu til allsherjar- og menntamálanefndar að gerð verði breyting að þessu leyti á 3. gr. frumvarpsins. Í a-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að málsliðnum „Endurnýja má skipun forstöðumanns einu sinni til næstu fimm ára“ verði bætt við í 1. mgr. 5. gr. laganna.

5. grein laganna hljóðar nú svo:

Ráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Skal safnstjóri hafa háskólamenntun og staðgöða þekkingu á starfssviði safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði

samkvæmt stöðu sinni.

Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.

Þarna er aðeins talað um „forstöðumann“ í fyrsta málslið en embættisheitið „safnstjóri“ síðan notað upp frá því. Þar sem skýrt er kemur fram í skýringu við greinina í frumvarpi því er varð að lögum nr. 35/2007 að starfsheitið sé „safnstjóri“ er talið eðlilegra og í meira samræmi við lagagreinina sjálfa að þarna stæði: „Endurnýja má skipun safnstjóra einu sinni til næstu fimm ára.“ Ráðuneytið leggur því til að gerð verði tillaga í nefndinni um þessa breytingu.

Í umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana er vikið að þeirri breytingu sem snýr að því að skipunartími tiltekinna forstöðumanna geti að hámarki verið tíu ár. Félagið bendir á að í 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sé tekið fram að embættismenn séu skipaðir til fimm ára í senn og það heyri til undantekninga að skipunartími sé takmarkaður við tíu ár. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við þessa ályktun félagsins en telur ekki þörf á að bregðast við að öðru leyti enda er ekki lagt til að breyting verði gerð á frumvarpinu. Hins vegar má vel taka undir það sjónarmið félagsins að mikilvægt sé að búa stjórnendum eftirsóknarvert starfsumhverfi og að jöfn tækifæri og virðing skuli ávallt höfð að leiðarljósi í starfsumhverfi ríkisins.



Icelandic Museum
of Natural History
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík
S./Tel. 577 1800
nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
B/t Nefnda- og greiningarsvið Alþingis (nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 9. mars 2023.

Varðar: Umsögn Náttúruminjasafns Íslands um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími), 741. mál.

Vísað er í ósk Allsherjar- og menntamálanefndar dags. 2. mars 2023 um umsögn Náttúruminjasafns Íslands við framangreint mál. nr. 741.

Náttúruminjasafn Íslands vísar í fyrri umsögn sína um málið (dags. 16. nóvember 2022) og fagnar framangreindu lagafrumvarpi sem felur í sér annars vegar aukið samráð milli ráðherra safnamála, safnaráðs og safnageirans almennt og hins vegar aukið samræmi milli höfuðsafnanna þriggja hvað varðar skipunartíma forstöðumanna safnanna.

Umsögn

Hvað varðar Náttúruminjasafnið þá tekur lagafrumvarpið einvörðungu til 1. mgr. 5 gr. laga nr. 35/2007. Gildandi ákvæði 1. mgr. 5. greinar laga nr. 35/2007 eru eftirfarandi:

„5. gr.

[Ráðherra] ¹⁾ skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Skal safnstjóri hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni.“ ¹⁾[L. 126/2011, 449. gr.](#)“

Frumvarpstíllagan varðandi 1. mgr. 5. gr. er eftirfarandi (viðbætur og úrfellingar rauðmerktar):

„5. gr.

[Ráðherra] ¹⁾ skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. **Endurnýja má skipun forstöðumanns einu sinni til næstu fimm ára.** Skal safnstjóri hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. **Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni.** ¹⁾[L. 126/2011, 449. gr.](#)“

Ekki er gerð athugasemd við viðbótina um að heimila endurnýjun á skipun í forstöðumannsembættið til næstu fimm ára, enda þjónar það vel markmiði lagafrumvarpsins um að samræma ákvæði um skipunartíma forstöðumanna höfuðsafnanna.

Hins vegar er gerð athugasemd við það að fella brott úr gildandi lögum 3 málsliðinn í 1. mgr. 5 gr. sem fjallar um setu forstöðumanns höfuðsafnsins í safnaráði. Nú háttar þannig til að forstöðumenn allra þriggja höfuðsafnanna sitja fundi safnaráðs lögum samkvæmt, þ.e. „*Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna.*“ (Safnalög nr. 141/2011, 3. mgr. 7.gr.). Þessi skipan og ákvæði í

safnalögum er mjög af hinu góða og eflir allt í þrennt, tengsl milli safnaráðs og höfuðsafnanna þriggja, tengsl höfuðsafnanna við safnageirann almennt og innbyrðis tengsl höfuðsafnanna þriggja.

Gildandi ákvæði í lögnum um Náttúruminjasafn Íslands, þ.e. 3. málslíður í 1. mgr. 5 gr., treystir og hnekkir á þessari mikilvægu stöðu Náttúruminjasafnsins sem höfuðsafns gagnvart safnaráði og safnageiranum almennt.

Í framangreindu ljósi er lagst gegn því að fella brott 3. málslíð 1. mgr. 5gr. Á hinn bóginn er lagt til að breyta málslíðnum til samræmis við það sem stendur í 3. mgr. 7 gr. safnalaga. Þá er einnig lagt til í skyni samræmingar og einföldunar að fella brott og skipta út orðinu „safnstjóri“ fyrir orðinu „forstöðumaður“ í bæði 1. og 2. málslíð 1. mgr. 5. gr. og í 1. málslíð 2. mgr. 5.gr. Orðið „safnstjóri“ kemur einvörðungu fyrir í 5. gr. laga um Náttúruminjasafn Íslands, en er ekki að finna í lögum um Þjóðminjasafn Íslands né lögum um Listasafn Íslands. Breytingatillaga Náttúruminjasafnsins á 1. mgr. og 2. mgr. 5. gr. lítur þá út á eftirfarandi hátt:

„5. gr.

[Ráðherra] ¹⁾ skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, ~~safnstjóra~~, til fimm ára í senn.

Endurnýja má skipun forstöðumanns einu sinni til næstu fimm ára. Skal forstöðumaður hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Forstöðumaður situr fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna.


Forstöðumaður ~~Safnstjóri~~ er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.

¹⁾[L. 126/2011, 449. gr.](#)“

Til að gæta samræmis meðal höfuðsafnanna þriggja og styrkja tengslin við safnaráð er ennfremur lagt til að ákvæðið um setu forstöðumanns á fundum safnaráðs skuli tekin upp í lögum um Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands.

Þá hnykkir Náttúruminjasafnið aftur á þeim tilmælum sínum í fyrra erindi safnsins vegna þessa máls (dags. 16. nóvember 2022), þess efnis að ákvæði um skipunartíma eins og lagt er til hér í umræddu lagafrumvarpi skyldi gilda um forstöðumenn allra ríkisstofnana landsins, enda skulu embættismenn skipaðir til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum (sbr. lög. nr. 70/1996, 23. gr., 1.mgr.).

Virðingarfyllst,



Hilmar J. Malmquist forstöðumaður.